



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 13. október 2025

SFS25080253

MINNISBLAÐ

Varðandi tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um skólaakstur úr Skerjafirði í Melaskóla

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 25. ágúst 2025, lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að fallið verði frá þeirri skerðingu á akstursþjónustu skólabílsins úr Skerjafirði í Melaskóla sem boðuð hefur verið. Undanfarin ár hefur ítrekað verið reynt að skerða þjónustu hvað varðar akstur til og frá Melaskóla í Skerjafjörðinn. Nú stendur til enn og aftur að fækka stoppistöðvum enn frekar með þeim hætti að skólabílinn mun hætta að aka Bauganesið og mun eingöngu aka Einarsnesið sem er umferðarpung gata. Þær breytingar sem orðið hafa og hafa verið boðaðar varðandi skólaaksturinn eru ekki til þess fallnar að auka umferðaröryggi barna í hverfinu.

Umsögn skóla- og frístundasviðs:

Í dag er skólaakstri úr Skerjafirði þannig háttað að nemendur með búsetu í Stóra og Litla Skerjafirði hafa öll aðgang að skólaakstri til og frá Melaskóla, bifreið sem keyrir út Bauganesið og aftur til baka um Einarsnes og síðan Suðurgötu. Til stóð að færa skólaaksturinn alfarið yfir í Einarsnes því það er strætóleið sem er í efsta flokki vetrarþjónustu. Eftir ábendingar þjónustuþega var afráðið að hverfa frá því að aka um Einarsnes og aka út Bauganes og til baka um Einarsnes eins og gert hefur verið fram að þessu.



Reykjavík